Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
30. desember 2010
52. tbl. · 27. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA
Vantar þig íbúð til leigu?
Hafðu samband!
sími: 456 6600

Gómsætar og girnilegar PIZZUR á góðu verði
Vestursjóð
Restaurant Bar
Edinborgarhúsinu
Sími: 456 6620

„Oft ansi mikið púl“

„Breytingin sem hefur orðið frá því að ég var að alast upp er alveg geysileg,“ segir Sigurður Sveinsson frá Góustöðum sem hefur sýslað við margt á sinni löngu ævi. Til að mynda var hann í vörubílaútgerð, en sneri sér síðan að jarðýtuútgerð og útgerð Guðnýjar ÍS. Hann tók þátt í gerð byltingarkenndra samgöngubóta á Vestfjörðum svo sem Djúpveginn, Ísafjarðarflugvöll og Súðavíkurhlíð. Í opnuviðtali lítur Sigurður yfir farinn veg.

Mengun frá Funa er langt yfir losunarmörkum skv. starfsleyfi stöðvarinnar.

Skoða að svipta Funa starfsleyfi

Umhverfisstofnun skoðar nú hvort svipta eigi sorpbrennslunni Funa starfsleyfi vegna þess að úrbótakröfum stofnunarinnar hefur ekki verið sinnt af rekstraraðilum. Þetta kemur fram í bréfi Umhverfisstofnunar til Funa, dagsett er 16. desember sl. en í bréfinu segir: „Ófullnægjandi mengunarvarnir Funa-sorpbrennslu sem hugsanlega hafa skaðleg áhrif á umhverfið og heilsu manna á svæðinu eru óásættanlegar að mati Umhverfisstofnunar. Úrbótakröfum stofnunarinnar hefur ekki verið sinnt af rekstraraðilum og því skoðar stofnunin nú að svipta Funa-sorpbrennslu starfsleyfi með vísan í 6. mgr. 38. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.“

Funa var fyrst veitt áminning af hálfu Umhverfisstofnunar í byrjun mars á þessu ári, en stofnunin setti fyrst fram kröfur um úrbætur í október 2009. Kröfurnar voru settar fram þegar fyrir lágu mælingar sem sýndu að mengun frá stöðinni var langt yfir leyfilegum mörkum. Býlið í Engidal var svipt söluleyfi á afurðum sínum vegna díoxínmengunar í mjólk frá býlinu, en mælingar í reyk frá Funa sýndu að magn díoxín var sextán sinnum meira en leyfileg losunarmörk. Þá var sink rúmlega 24 sinnum meira en starfsleyfi heimilar og þungmálmar fimmfalt meiri en losunarmörk kveða á um. Þá var magn ryks í útblæstri 1.160 gm/Nm en losunarmörk skv. starfsleyfi stöðvarinnar eru 250 mg/Nm og því var magn ryks í útblæstri 960 mg/Nm umfram losunarmörk.

Í bréfinu kemur fram að engar nýjar mælingar höfðu farið fram við stöðina líkt og stofnunin fór fram að yrðu framkvæmdar, ekki seinna en í september 2010. Og ekki hafði verið ráðist í neinar úrbætur á stöðinni. Hins vegar óskaði bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar eftir frest á endurbótum þar til sorpmál bæjarins hefðu verið endurskoðuð.

Nýjar mengunarmælingar voru loks framkvæmdar nú í byrjun desember. Umhverfisstofnun reiknar með að niðurstöður þeirra mælinga liggi fyrir um miðjan janúar. „Staðfesti þær að mengunarvörnum sé enn verulega ábótavant mun stofnunin samhliða senda sorpbrennslunni bréf um hina áformuðu sviptingu starfsleyfis,“ segir í bréfinu. Þá bendir stofnunin einnig á að brot gegn lögunum um mengun geta varðað sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. „Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða varða brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim fangelsi allt að fjórum árum,“ segir ennfremur í bréfinu.

– kte@bb.is

Samþykkja samning um byggðasamlag

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ og í Bolungarvík hafa samþykkt samstarfssamning sveitarfélaga á Vestfjörðum um starfrækslu Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks. Í því felst m.a. heimild til að samþykkja samstarfssamning sveitarfélaga á Vestfjörðum um starfrækslu byggðasamlags um málefni fatlaðra. Málefni fatlaðra flytjast að óbreyttu til sveitarfélaga um komandi áramót. Stefnt hefur verið að því, að sveitarfélög á Vestfjörðum stofni með sér byggðasamlag, sem hafa mun yfirumsjón með málaflokknum fyrir hönd vestfirskra sveitarfélaga.

Þá hefur bæjarráð Ísafjarðar, fyrir hönd bæjarstjórnar, og bæjarstjórn Bolungarvíkur einnig samþykkt að fram að næsta Fjórðungsþingi Vestfirðinga þá fari núverandi stjórn Fjórðungssambandsins jafnframt með stjórn byggðasamlagsins.

Friðsöm jól á Ísafirði

Jólin fóru friðsamlega fram á Ísafirði að sögn lögreglunnar. „Það var allt friðsælt og gott. Það eina sem kom upp á var að kvartað var undan akstri tveggja vélsleða á göngustígnum milli Ísafjarðar og Hnífsdals á Þorláksmessu.

Haft var upp á ökumönnunum og þeim bent á að þeir mættu ekki aka þarna. Það var allt og sumt,“ segir Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði.

– thelma@bb.is

Markaðstorg á Hrafnseyri 17. júní 2011

17. júní 2011 eru liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri. Í tilefni dagsins er meðal annars ætlunin að hafa einskonar markaðstorg á Hrafnseyri, þar sem einstaklingum, félagasamtökum, listamönnum, handverksfólki, kaffi- og matsölufólki og öðru góðu fólki er boðið að taka þátt í að sýna og selja vörur sínar gestum og gangandi sem leggja leið sína til Hrafnseyrar þennan dag, í eigin aðstöðu. Þeir sem hafa áhuga á þátttöku í markaðstorginu eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við staðarhaldarann á Hrafnseyri, Valdimar J. Halldórsson, fyrir 15. mars 2011

Valdimar J. Halldórsson
Sími: 456 8260 og 845 5518
hrafnseyri@hrafnseyri.is

Skóla- og fjölskylduskrifstofa >>>

Málefni fatlaðra færast til Ísafjarðarbæjar um áramót

Málefni fatlaðra færast frá ríki til sveitarfélaga um áramótin 2010/2011. Af því tilefni býður Ísafjarðarbær nýja þjónustuþega hjartanlega velkomna í þjónustu til bæjarins. Þá er það starfsfólk Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra sem hefur störf hjá Ísafjarðarbæ um áramótin jafnframt boðið hjartanlega velkomið til starfa.

Það er von Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar að þjónustuþegar verði sem minnst varir við yfirfærsluna og að hún eigi eftir að ganga þægilega í gegn. Ef einhverjir byrjunarörðugleikar verða, biðjum við fólk um að sýna þolinmæði meðan verið er að vinna úr þeim. Með samstilltu átaki okkar allra er allt hægt!

Til að byrja með a.m.k. verða símanúmer óbreytt, en þeim gæti verið breytt til samræmis við önnur símanúmer bæjarins þegar fram líða stundir. Það sama gildir um heimasíðu þjónustunnar.

Með kærri kveðju,

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
Margrét Geirsdóttir, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu

Skóla- og fjölskylduskrifstofa – Hafnarstræti 1, 4. hæð – S: 450-8000

ÍSAFJARÐARBÆR

Þóroddur Bjarnason.

„Fólksfækkunin mikið áhyggjuefni“

Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri, segir það mikið áhyggjuefni hversu mikið íbúum á Vestfjörðum fækkar en þeim hefur fækkað um 1000 manns á 10 árum. Á Suðurfjörðunum heldur íbúunum áfram að fækka og meira en áður. „Síðan er miklu meiri fækkun á Ísafjarðarsvæðinu en lengi áður – rúmlega 3%. Þannig að þar er að skapast alvarlegt ástand,“ sagði Þóroddur í viðtali á Rás 1.

„Ég held að það sé komið að því á Vestfjörðum að menn taki ákvörðun um hvort eigi að snúa þessu við og setja einhverja byggðafestu á þetta svæði eða hvort byggð leggist þarna af. Það þolir ekkert byggðarlag svona mikla fækkun en það er komið niður í 7.000 manns núna,“ sagði Þóroddur.

Lagt var sölubann á afurðir frá býlinu í Engidal eftir að díoxín fannst í mjólkursýni.

Rannsaka umfang díoxín mengunar frá Funa

Matvælastofnun vinnur nú að því að taka sýni úr afurðum frá býlinu í Engidal og fleiri bæjum í nágrenninu til að kanna hvort mengunin sem greindist í mjólkursýni frá Engidal ná út fyrir næsta nágrenni sorpbrennslustöðvarinnar Funa. „Við gerum þetta til að leita af okkur allan grun. Allt bendir þó til þess að um einangrað tilfelli sé að ræða sem stafi af nálægð býlisins við sorpbrennslustöðina, en slík tilfelli eru þekkt annars staðar frá,“ segir Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður matavælaöryggis- og neytendamálasviðs hjá Matvælastofnun. Matvælastofnun stöðvaði sölu búfjárafurða, bæði á mjólk og kjöti, frá Engidal þegar þrávirk aðskotaefni greindust yfir leyfilegum viðmiðunarmörkum í mjólkursýni frá bænum. Á býlinu eru 12 mjólkurkýr og 70 kindur.

Sigurður segir efnin hættuleg. „Þetta er díoxín og díoxínlík PCB mengun sem getur myndast við bruna. Efnin eru hættuleg og eru m.a. krabbameinsvaldandi og geta haft áhrif á frjósemi,“ segir Sigurður. „En eins og ég segi er langlíklegast að um einangrað tilfelli sé að ræða. Árin 2003 og 2004 var gerð sérstök mæling og úttekt á díoxín í mjókurafurðum og þá voru þau langt undir viðmiðunargildum,“ segir Sigurður.

Á vef Matvælastofnunar segir að díoxín og díoxínlík PCB efni séu tvö af tólf þrávirkum lífrænum mengunarefnum sem séu sértakt áhyggjuefni vegna áhrifa þeirra á umhverfið og heilsu almennings. „Efnin geta borist í matvæli úr umhverfinu. Þau hafa ekki áhrif á heilsu okkar samstundis, en geta valdið vandamálum ef þau berast í líkamann í talsverðu magni yfir langt tímabil. Þrávirk lífræn efni er samheiti yfir hóp efnasambanda sem eru mjög stöðug bæði í náttúrunni og í lífverum ef þau berast í þær. Þau eru fituleysanleg með langan helmingunartíma sem þýðir að þau brotna hægt niður í náttúrunni og safnast þar af leiðandi upp í fituvefjum manna og dýra.“

Um hættuna sem stafar af efnum segir ennfremur: „Samkvæmt áhættumati vísindanefndar framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um matvæli er ásættanleg dagleg neysla (Tolerable daily intake, TDI) díoxína og díoxínlíkra PCB efna sé 2 picogrömm á hvert kg líkamsþunga. Mesta áhættan stafar af því að borða mat með miklu innihaldi díoxína yfir langt tímabil. Staðfest hefur verið að þau valdi ýmsum kvillum í dýrum, þar á meðal krabbamein og skaða á ónæmiskerfi og æxlunarfærum. Þó virðast menn ekki vera jafn viðkvæmir og tilraunadýr.

– kte@bb.is

ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Fráveituútrás í Mávagarði.“ Ofangreindu verki skal vera að fullu lokið eigi síðar en 1. júlí 2011.

Helstu magntölur eru:

Lagnaskurðir	300 metrar
Lagnir	
DN315	36 metrar
DN400	300 metrar
DN500	40 metrar
Brunnar	3 stk.

Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Tilboðin verða opnuð a bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, **þriðjudaginn 18. janúar 2011 kl. 11:00** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sviðstjóri umhverfissviðs.

Starfsemin í takt við aðra landshluta

Starfshópur sem skipaður var samkvæmt samþykkt 54. Fjórðungsþings Vestfirðinga á síðasta ári til undirbúnings að tilflutningi á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga á Vestfjörðum, hefur skilað útfærðri tillögu til stjórnar Fjórðungssambandsins um stofnun byggðasamlags um verkefnið. Tillagan er byggð á grundvelli samstarfssamnings sveitarfélaga um rekstur félagsþjónustusvæða og samþykki verkefnisstjórnar ríkis og sveitarfélaga um málaflokkinn varðandi undanþágu íbúafjölda þjónustusvæða, eða átta þúsund manns. Stjórnun og skipulag á byggðasamlagsins byggir á grundvelli heildarsamkomulags ríkis og sambands íslenskra sveitarfélaga frá 23. nóvember.

Starfsemin verður í takt við skipan mála í öðrum landshlutum. Kjarni starfseminnar er félagsþjónustusvæði sveitarfélaga á Vestfjörðum en miðað er við að þau verði fjögur. Forstöðumenn þessara félagaþjónustusvæða mynda þjónustuhóp. Rekstur byggðasamlagsins og þess hluta félagsþjónustu er varðar málaflokk fatlaðra fyrir árið 2011 tekur mið af fjárhagsáætlun Sveðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vestfjörðum. Fjórðungssambandið hefur sent viðkomandi sveitarfélögum bréf þar sem stofnun byggðalagsins er kynnt. Er þar ítrekað að skammur tími sé til stefnu til ákvörðunar í málinu þar sem miðað er við yfirtöku þann 1. janúar.

Þá er bent á að tillaga um fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga 2011 til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum er 220,1 milljón króna. „Endanleg skipting þeirrar fjárveitingar milli félagsþjónustusvæða liggur ekki fyrir en hún mun taka mið af núverandi starfsemi í dag innan hvers svæðis,“ segir í bréfinu.

– thelma@bb.is

Flateyri fær 300 tonna byggðakvóta

Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, undirritaði fyrir jól reglugerðir um úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2010/2011. Reglugerðirnar eru sambærilegar reglugerðum síðustu fiskveiðiára í öllum aðalatriðum en heildarúthlutunin nemur 4564 tonnum sem er um 17% aukning frá fyrra fiskveiðiári þegar heildin var 3885 tonn. Því til viðbótar koma 972 tonn sem ekki nýttust í fyrri úthlutun en eru samkvæmt nýjum reglum yfirfæranleg milli ára. Alls fara því 5536 tonn til úthlutunar til smærri byggðarlaga í landinu. Með þessu nýtir ráðherra til fulls allar þær aflaheimildir sem svigrúm er til innan laga um stjórn fiskveiða.

Byggðakvóti getur mestur orðið 300 tonn og fær Flateyri eitt byggðarlaga svo háa úthlutun. Á næstu dögum berst sveitarstjórnum bréflega tilkynning um það hve mikið kemur í hlut hvers byggðarlags og þá um leið kallað eftir sérreglum einstakra sveitarfélaga, segir í tilkynningu. Alls fá nú 44 byggðarlög í landinu úthlutun byggðakvóta sem er nokkru fleira en undanfarin ár. Lægst getur úthlutun verið fimmtán tonn.

– thelma@bb.is

Framkvæmdalok skýra fólksfækkun

Íbúum Bolungarvíkur fækkaði um 81 á síðasta ári eða sem nemur 8,3% af heildar íbúafjöldanum. Elías Jónatansson bæjarstjóri segir þessa mikla fækkun fyrst og fremst til komna vegna lok framkvæmda við jarðgöngin. „Hér voru mikið af erlendum verkamönnum, aðalega frá Slóvakíu sem voru skráðir með heimili hér í bænum. Þegar framkvæmdunum lauk, kvöddu þeir eðlilega en þetta hefur verið á bilinu 50 til 60 einstaklingar. Þegar skoða á íbúaþróun í Bolungarvík síðastliðin ár verður að taka tillit til framkvæmdanna og raunhæf mynd fæst þegar við berum síðasta ár saman við árið 2007,“ segir Elías.

Árið 2007 voru íbúar Bolungarvíkur 905 talsins en þeim fjölgaði um 58 árið eftir. Í desember síðastliðnum voru íbúarnir 887 sem þýðir að þeim hefur fækkað um 17 á tímabilinu 2007-2010. „Þetta breytir þó ekki því að við höfum áhyggjur af fækkuninni og viljum allt til þess gera svo snúa megi henni við,“ segir Elías.

Virkjun Mjólkár 3 í Arnarfirði tekin í notkun

Virkjun Mjólkár 3 í Arnarfirði hefur verið tekin í rekstur. Eftir að prófunum og þjálfun starfsmanna lauk fyrr í mánuðinum var vélin tekin í loka útsláttarprufur sem gengu vel að því er segir á vef Orkubús Vestfjarða. Af þeim loknum afhenti fulltrúi vélaframleiðanda Sölva R. Sólbergssyni framkvæmdarstjóra orkusviðs Orkubús Vestfjarða vélina til rekstrar. Afl vélarinnar er 1,16 MW og er áætlað að orkuframleiðslan verði um 6,5 GWh á ári. Afl Mjólkárvirkjunar er þá orðið 9,3 MW. Mjólká 3 er staðsett í landhæð 218 metra yfir sjávarmáli ofan við Borgarhvilftarvatn.

Virkjuninni er ætlað að nýta rennsli Mjólkár 1 áður en það er virkjað neðan Borgarhvilftarvatns. Það er gert með því að veita Hofsárveitu úr Borgarhvilftarlæk um nýjan veituskurð í Mjólkána ofan Prestagilsvatns. Þar með fer allt rennsli um Prestagilsvatn áður en það fer í Borgarhvilftarvatn. Inntaksmannvirki virkjunarinnar er tengt við Prestagilsstífluna sem felst í vatnsþró og húsi með lokubúnaði. Þrýstipípan er 337 m löng úr DN 800 mm trefjaplasti og er að mestu niðurgrafinn.

Á vef Orkubús Vestfjarða segir um vélina að verg fallhæð er 100 metrar, vatnsnotkun hverfis við fullt álag er 1,4 m3/s, snúningshraði 1000 sn/mín og er vatnshverfillinn af Francis gerð. Framleiðandinn Andritz Hydro er með höfuðstöðvar í Austurríki, en í rauninni er vélin Þýsk því öll hönnunin átti sér stað þar og hluti af framleiðslunni einnig. Rafali, 400 V er frá Hitzinger svo eitthvað sé nefnt.

– thelma@bb.is

Markaðssetningu frestað

Markaðssetningu vestfirska herrailmsins og rakspírans True Viking hefur frestað en áætlað var að hann kæmi aftur á markað eftir nokkurt hlé. „True Viking ehf. þykir leitt að tilkynna að fresta verður markaðssetningu snyrtivara sinna vegna galla í gleri. Gera má ráð fyrir nokkurra mánaðar seinkun þar til að varan kemur á markað vegna þessa. Beðist er velvirðingar þá þessu,“ segir í tilkynningu frá fyrirtækinu True Viking ehf. sem er í eigu Hugrúnar Kristinsdóttur og Gunnars G. Magnússonar. Eins og fram hefur komið hafði fyrirtækið stefnt að því auka vöruúrval í snyrtivörum og fylgihlutum fyrir karlmenn til að byrja með.

True Viking rakspírinn og ilmurinn var upphaflega settur á markað árið 2001 af fyrirtækinu Koss ehf. Markaðurinn tók vel á móti þessari vöru og var hún meðal annars seld í Fríhöfninni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, í Saga Boutique um borð í flugvélum Icelandair, Í Bláa lóninu í Svartsengi og í snyrtivöruverslunum um allt land. Árið 2006 hætti Koss ehf. framleiðslu og sölu á True Viking vegna þess að framleiðandi glerflaskna hætti framleiðslu.

Guðmundur fagnaði deginum með fjölskyldu og vinum um borð í Vilhelm Þorsteinssyni EA.

Met á afmælisdaginn

Bolvíski skipstjórinn Guðmundir Þ. Jónsson hafði svo sannarlega ástæðu til að fagna þegar hann kom í land með fullfermi fyrir jólinn. Í fyrsta lagi átti hann 50 ára afmæli og í öðru lagi hafði hann slegið Íslandsmet í aflaverðmæti. „Það var gaman að koma í land,“ sagði Guðmundur í samtali við Morgunblaðið. Guðmundur er skipstjóri á Vilhelm Þorsteinssyni EA og þegar hann kom í land úr síðustu veiðiferð ársins með fullfermi af frystum síldarflökum var skipið búið að fiska fyrir 3,3 milljarða króna á þessu ári sem er nýtt met í aflaverðmæti. Guðmundur tilheyrir mikilli sjómannsfjölskyldu en faðir hans var Jón Eggert Sigurgeirsson heitinn, sem stóð í brúnni á togaranum Heiðrúnu ÍS í Bolungarvík.

Tilfærsla á verkefnum

Um áramótin tekur Félagsþjónusta Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps við verkefnum í þjónustu við fatlaðra frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra. Er það liður í yfirfærslu á þjónustu við fatlaða til sveitarfélaga um áramót. Verkefnin sem færast til félagsþjónustunnar við Djúp eru frekari liðveisla, stuðningsfjölskyldur og ráðgjöf. Þetta kom fram í umræðum í fundi velferðaráðs Bolungarvíkur á dögunum þar sem rætt er um stöðu á yfirfærslunni og samvinnu sveitarfélaganna.

Tvö tilboð bárust í dýpkun

Tvö tilboð bárust í dýpkun við hafnirnar á Ísafirði og Suðureyri en tilboð í verkið voru opnuð fyrir hátíðar. Lægsta boðið kom frá Björgun ehf. og nam það 39.662.240. Einnig barst tilboð frá Sekstant Sp/f í Færeyjum upp á 3.203.149 danskar krónur eða 66.273.152. Kostnaðaráætlun hönnuða hljóðar upp á 33.402.300 krónur. Um er að ræða dýpkun sem nemur um 35.900 m³ á Ísafirði og 7.400 m³ á Suðureyri. Dýpkun á Ísafirði skal lokið eigi síðar en 30. apríl og dýpkun á Suðureyri skal lokið eigi síðar en 31. maí.

Vonar að sorpbrennslustöðinni Funa hafi verið lokað til frambúðar

Sorpbrennslustöðin Funi hefur verið lokuð frá því að innkalla þurfti inn mjólk frá bæ einum í Engidal þar sem mælingar hafi sýnt að tiltekin efni hafi verið lítillega yfir viðmiðunarmörkum. Eins og fram hefur komið er þessa dagana verið að vinna að greinargerð fyrir bæinn um það hvað gerðist í Engidal og stöðu bæjarins vegna þess.

Að sögn Daníels Jakobssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, er enn óvíst hvort Funa hafi verið lokað til frambúðar þótt vonir standi til þess. „Ástæðan fyrir því er tvíþætt. Við höfum ekki leyst það, hvað við eigum að gera við sorpið sem er að safnast núna. Við vitum ekki hvað felst í því að endurræsa stöðina aftur t.d. í 3 vikur. Slíkt verður þó aldrei gert nema með samráði og leyfi þar til bærra aðila," segir Daníel.

„En vonir okkar standa s.s. til þess að búið sé að loka Funa til frambúðar. En ég get ekki lofað því." Sorpmál sveitarfélagsins hafa lengi verið í skoðun. Flutningur og förgun sorps voru boðin út í haust eins og kunnugt er og standa samningaviðræður yfir við lægstbjóðanda.

Sorpbrennslustöðin Funi í Engidal.

Bæjarfulltrúar Í-listans þakka stuðninginn á árinu sem er að líða og óska íbúum Ísafjarðarbæjar velfarnaðar á komandi ári.

Niðurskurður hjá Háskólasetrinu mildaður

Alþingi samþykkti fyrir stuttu breytt fjárlög sem milda mjög fyrirhugaðan niðurskurð til Háskólaseturs Vestfjarða. Upphaflega átti niðurskurðurinn að nema 30%, þá 16% og nú síðast 5,6%.

„Starfsmenn, stjórn og nemendur Háskólasetursins eru fegnir að skerðingin skuli vera sambærileg og hjá öðrum stofnunum í samstarfsneti íslenskra stofnana á háskólastigi. Samt þýðir þetta að spara þarf 5-6 milljónir í rekstrinum, sem verður erfitt. Um leið og við vitum að árið 2011 verður mjög erfitt ár, bíða okkar spennandi verkefni á árinu sem gefa tilefni til að horfa með bjartsýni til lengri framtíðar," segir á vef Háskólasetursins.

– thelma@bb.is

Spurningin

Eyðir þú lægri fjárhæð í kaup á flugeldum í ár?

Alls svöruðu 368.
Já sögðu 262 eða 71%
Nei sögðu 106 eða 29%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag (Gamlársdag):
Suðlæg átt 5-10 m/s og dálítil rigning, en þurrt að kalla á austanverðu landinu. Hiti breytist lítið.
Horfur á laugardag (Nýársdag):
Útlit fyrir milda suðlæga átt með vætu í flestum landshlutum.
Horfur á sunnudag:
Útlit fyrir milda suðlæga átt með vætu í flestum landshlutum.

Ritstjórnargrein

„En hvers er að minnast?"

Svo er spurt í sálminum sem sunginn er meðan kirkjuklukkur landsins hringja út gamla árið og hið nýja inn; þegar ættingjar og vinir fallast í faðma, þakka fyrir það sem liðið er og óska hver öðrum gæfu og gengis á komandi ári. Og síðan spyr skáldið: ,,Og hvað er það þá, sem helst skal í minningu geyma?"

Segja má að allt árið hafi þjóðlífs umræðan verið nánast öll á einn veg, þrungin neikvæðni á alla vegu. Þá sjaldan von kviknaði um að nú kynni að rofa til var ljósgeislinn slökktur, úrtölu- og niðurrifsraddirnar tóku yfir.

Frá degi til dag fylltu hneykslismál tengd hruninu síður dagblaða og fréttatíma sjónvarpsstöðva; prentsvertu og útsendingartíma þótti ekki eyðandi á góðar fréttir, ef svo bar við að þær rak á fjörur. Góðu fréttirnar seldu ekki blöðin og skópu ekki áhorf.

Á hinu háa Alþingi sat við sama og verið hefur áratugum saman: Allt málað svart eða hvítt eftir því hvoru megin stjórnarborðsins þingmenn sátu; engin sátt, úrlausnir ýmist sagðar vera það besta í stöðunni eða arfavitlausar.

Vissulega hefur árið verið mörgum erfitt og enn blasa við mýmörg og torleyst verkefni. Þegar kemur að uppgjöri ársins 2010 kann ein af mörgum nærgöngulum spurningum ef til vill að vera sú, sem Njörður P. Njarðvík setur fram í nýrri bók sinni, Spegill þjóðar, sem er þörf lesning, en mun án efa verða umdeild: ,,Hvar er það þjóðfélag statt þar sem menn geta keypt af sjálfum sér, selt sjálfum sér og lánað sjálfum sér - eins og enn viðgengst?"

En ekki er öll von úti. Í lok bókar sinnar segir Njörður meðal annars: ,,Við lýðveldisstofnunina stóðum við einhuga og horfðum vonbjörtum augum til framtíðar. Þá spratt fram kennd lík þeirri sem birtist í ljóði Vilborgar Dagbjartsdóttur, að vakna á sólbjörtum degi og finna það rof í amstri daganna þegar einhugur og heild ríkir og vekur með okkur óttalausa dirfsku til að halda ótrauð áfram á leiðarenda. Og það getum við gert. Vilji er allt sem þarf. Og raunveruleg hugarfarsbreyting."

Varðveitum í minningunni það besta frá árinu og hagnýtum það; látum það sem miður fór fara eins og segir í sálminum: ,,aldrei það kemur til baka." Látum þá sem valdir hafa verið til að sjá um framgang laga og réttar um sína vinnu. Setjum okkur markmið og lög, sem farið verður eftir.

Minnumst þess frá árinu, sem þrátt fyrir allt horfði í rétta átt.

Bæjarins besta óskar landsmönnum öllum friðar og farsældar á komandi ári og þakkar lesendum og velunnurum nær og fjær og viðskiptavinum samfylgdina á árinu.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is.* · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, *kte@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Byggðasamlag um málefni fatlaðra

Stofnfundur Byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks var haldinn í fundarsal Þróunarsetursins á Ísafirði á Þorláksmessu. Á fundinum var samþykktur samningur um stofnun samlagsins sem hafa mun yfirumsjón með málaflokknum þegar hann færist frá ríki til sveitarfélaga um áramót. Aðilar að Byggðasamlaginu eru; Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Strandabyggð, Kaldrananeshreppur, Árneshreppur, Reykhólahreppur, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur.

„Ísafjarðarbær býður nýja þjónustuþega hjartanlega velkomna í þjónustu til bæjarins. Þá er það starfsfólk Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra sem hefur störf hjá Ísafjarðarbæ um áramótin jafnframt boðið hjartanlega velkomið til starfa. Það er von Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar að þjónustuþegar verði sem minnst varir við yfirfærsluna og að hún eigi eftir að ganga þægilega í gegn," segir í tilkynningu frá Ísafjarðarbæ.

Á meðfylgjandi mynd rita undir samninginn Daníel Jakobsson fyrir hönd Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar, Ómar Már Jónsson fyrir hönd Súðavíkurhrepps, Elías Jónatansson fyrir hönd Bolungarvíkurkaupstaðar, Albertína Elíasdóttir fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps og Aðalsteinn Óskarsson fyrir hönd Strandabyggðar, Kaldrananeshrepps, Árneshrepps og Reykhólahrepps.

– thelma@bb.is

Frá stofnfuni Byggðasamlagsins í Þróunarsetri Vestfjarða á Þorláksmessu.

Öll vestfirsku sveitarfélögin með hámarks útsvar

Öll sveitarfélög á Vestfjörðum leggja á hámarks útsvar á íbúa sína eða 14,48%. Þetta er ekki óvanalegt því af þeim 76 sveitarfélögum sem eru í landinu leggja 66 þeirra á hámarks útsvar en einungis tvö leggja á lágmarks útsvar eða 12,44%. Nú liggja fyrir útsvarsprósentur sveitarfélaga fyrir árið 2011 og verður meðal útsvarið 14,41% í stað 13,12%. Með yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga á næsta ári hækkaði útsvarsheimild sveitarfélaga um 1,2% og geta sveitarfélögin nú ákveðið útsvar á bilinu 12,44% til 14,48%.

Sveitarfélögin sem ekki leggja á hámarksútsvar eru Reykjavík, Seltjarnarnes, Garðabær, Kjósahreppur, Skorradalur, Hvalfjarðarsveit, Tjörneshreppur, Fljótdalshreppur, Ásahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur. Lægsta útsvarið er í Skorradal, 12,44%.

Frá búskap til byltingarkenndra samgöngubóta

Sigurður Sveinsson frá Góustöðum í Skutulsfirði hefur sýslað við margt á sinni löngu ævi. Til að mynda var hann í vörubílaútgerð, en sneri sér síðan að jarðýtuútgerð og útgerð Guðnýjar ÍS. Hann segir miklar breytingar hafa orðið á atvinnulífi og umhverfi Ísafjarðar frá því að hann fór á vinnumarkaðinn ungur að aldri. Bæjarins besta ræddi við hann um þróun atvinnulífsins sem endurspeglast í atvinnusögu hans sjálfs en hann starfaði m.a. við sögulegar samgöngubætur á Vestfjörðum.

Ég er fæddur á Góustöðum. Foreldrar mínir voru Sveinn Guðmundsson, sem ættaður var frá Hafrafelli, og Guðríður Magnúsdóttir, sem ættuð var úr Aðalvík. Á Góustöðum var frekar lítið bú. Við vorum með 10-12 kindur og tvær beljur og frekar lítið tún. Við þurftum að fara á bát sem hann pabbi heitinn var með að sækja hey norður í Veiðileysufjörð. Það var oft erfitt að heyja þar og ferðast svo með heyið heim að Góustöðum. Við komum að landi að Hauganesi og bárum heyið á bakinu upp að plani sem þar var. Við fengum lánaða hestakerru á Tungu og keyrðum það svo restina heim.

Þegar ég var um tíu ára var fiskverkun á Hauganesi þar sem gert var að fiski sem fluttur var á bátum frá Neðstakaupstað. Sett var kar við lækinn þar sem konur vöskuðu fiskinn. Þær stóðu sig vel við þetta en það hlýtur að hafa verið ansi kalt við þennan starfa en þetta var frekar snemma sumars. Síðan var fiskurinn fluttur inn í hús sem er enn á Skeiðinu í dag þó búið sé að breyta því. Á sólskinsdögum var breitt úr fisknum á reitum. Við stráklingarnir fengum vinnu við það.

Á Hauganesi var búð þar sem fá mátti ýmis konar góðgæti. Við stráklingarnir vorum t.d. sólgnir í púðursykur. En síðan var allri starfsemi þarna hætt. Húsið var flutt inn á Hafrafell þar sem það stendur enn. Þetta var stórt og mikið hús sem kallað var Ungmennafélagshús.“

Velti tómum tunnum í síldarævintýrinu

„Ég hjálpaði einnig til við búskapinn á Góustöðum. Bræður mínir fóru á sjó. Þeir fóru á síld en þurftu þá að skrifa sig á Grænagarði þar sem Fjarðarmenn fengu ekki vinnu á Ísafirði og því gátu þeir ekki skrifað sig á Góustöðum. Pétur og Berta á Grænagarði leyfðu þeim að skrá sig þar. Sú starfsemi sem var á Grænagarði var netagerð og svo síldarsöltun. Þar var mikið saltað og þá komu stór skip upp að bryggjunni fyrir neðan. Ég fékk starf við það, ásamt öðrum strákum, að velta tómum tunnum frá bryggjunni upp á plan. Þetta var á meðan síldin var í Djúpinu. Þetta var í kringum 1929 en svo hvarf alveg síldin.

Ég hjálpaði áfram við búskapinn og fór af og til að fiska á trillu. Síðan fór ég að vinna hjá Björgvini Bjarnasyni á Stakkanesi er hann setti upp beinamjölsverksmiðjuna Björgvin. Það þótti mikið framtak hjá kallinum. Hann setti upp krana sem fór inn í húsið, út eftir planinu og svolítið út í sjó. Komið var með þurrkaða hausa á bátum til Björgvins en hann sótti hráefnið hingað og þangað, ég veit ekki hve langt. Meðal annars kom línuveiðari að norðan sem fórst á leiðinni. Það var mikill skaði að því.

Björgvin hélt þó áfram nokkuð lengur en fór svo í útgerð. Hann gerði út nokkra báta, eins og Richard, Gróttu og Huginn I og II. Hann fór á síld en það misheppnaðist svo hann seldi alla bátana til Nýfundnalands. Það var mikil blóðtaka fyrir Ísafjörð að missa það allt saman. Ég held nú að hann Björgvin hafi verið alveg sérstakur. Hann stofnaði líka rækjuverksmiðju á Langeyri í Álftafirði og var lengi í því. Já hann brallaði ýmislegt.“

Varla vegur inn í fjörð

Þegar Sigurður lítur yfir farinn veg segir hann mikla umbyltingu hafa átt sér bæði á umhverfi og atvinnulífi.

„Ég hugsa oft um það hvað Hauganesið hefur breyst, en þar byrjuðum við strákarnir að vinna. Breytingin sem hefur orðið frá því að ég var að alast upp er alveg geysileg. Þá var varla vegur inn í fjörð. Maður fór bara á hestakerru. Það voru heldur engin tæki til að gera almennilegan veg, ekki fyrr en ýturnar komu. Þegar við vorum að vinna á Skeiðinu var hagkvæmast að flytja fiskinn yfir á bátum. Árið 1930 kom svo einn bíll og þá var hægt að flytja fiskinn landleiðina.

Það bjuggu margir inni í Firði á þessum tíma. Það var búið á öllum þessum bæjum sem þarna eru og allir voru með skepnur.

Á Kirkjubóli var t.d. myndarlegt bú. Þar bjó tengdafaðir minn, sem flutti þangað úr Djúpinu, og var með beljur og svolítið af kindum. Neðri- og Efri Engidalur og Hafrafell voru líka góð býli.“

Erfitt að eiga við Arnarneshamarinn

„Þegar ég fór að stálpast fór ég út í bílaútgerð. Ég var að vinna hjá Vegagerðinni þó nokkuð lengur, bæði með bíl og svo ýtu. Meðal annars vann ég við setja upp rafmagnslínuna að vestan frá Mjólká. Við vorum að setja upp staura og það var mikið erfiði að koma þeim yfir fjallið við Engidal. En það hafðist þó allt saman.

Nú þegar maður er orðinn gamall og fer að hugsa til baka dettur manni í hug hvað lítið var gert áður fyrr. Árið 1941 var enginn vegur kominn að Kirkjubæ. Þá byrjuðum við hjá Vegagerðinni að keyra með hestakerru í mýri sem var við Höfða. Þegar því var lokið gátum við komist þangað á bílum. Við gerðum veg út að Skipeyri og út af Leistum en þá voru Arndælingar búnir að moka svolítið af veginum til að reyna koma honum áfram inn eftir. Þá voru ýturnar komnar og við kláruðum með ýtu að gera veginn út í Arnardal.

Ráðamenn voru þá að rífast hvort það ætti að fara yfir Arnardalshálsinn eða fyrir nesið. Sigurður Bjarnason þingmaður vildi fara fyrir nesið en Hannibal Valdimarsson vildi fara yfir hálsinn. Það varð úr að farið var fyrir nesið og þá lentum við í klettahamrinum. Mjög erfitt var að vinna við það. Fyrst þegar við byrjuðum þoldu borarnir ekki bergið og eyddust upp. Síðan voru fengnir aðrir borar með demanti í endanum en það dugði ekki heldur, þeir brotnuðu. Það var ekki fyrr en við prófuðum að kæla bergið með vatni að þetta fór að ganga og þá reyndust demantsborarnir nokkuð vel. Það var þó erfitt fyrir okkur að standa þarna á palli og halda á borunum fyrir framan okkur. Þetta var ansi mikið púl. Ég hætti svo á hamrinum og fór með ýtu hinum megin og byrjaði að moka veginn þar við Súðavíkurhlíðina.“

Ótrúlegar samgöngubætur

„Síðan fórum við í Dagverðardalinn og breyttum miklu þar með ýtu. Við gerðum veg yfir heiðina og Breiðadalinn sem var gríðarlega mikil vinna. Hugsa sér að það sé allt orðið ónýtt nú þegar göngin eru komin. Síðan var farið í Súgandafjörðinn. Unnið var við þetta nótt og dag. Þetta voru ótrúlega miklar samgöngubætur en Breiðadalsheiðin er leiðinleg, sérstaklega á haustin þegar hún lokaðist þegar gerði smá hret. Þá þurfti maður að fara á ýtunni og opna heiðina en ýturnar voru nú ekki svo fullkomnar á þessum tíma og það var skítakuldi að sitja inni í þessu. Það gerðist oft á haustin þegar lítið var um snjó en þegar gerði mikinn snjó var ekki mokað. Það þýddi ekkert. Við þurftum líka að opna oft inn í Súðavík.

Við byrjuðum líka á veginum inn í Djúp. Byrjuðum í Hattardal og héldum út eftir. Við gerðum veg alveg að Seyðisfirði. Kristján Jón Jónsson var þá með Hestfjörðinn og við komum á móti honum. Þetta var í kringum 1973 en þá opnaðist vegurinn um Djúpið og þá var orðið bílfært suður. Það hafa því orðið geysilegar breytingar. Tala nú ekki um í dag þegar allt er orðið malbikað og fínt.

Ég var líka einn af þeim mönnum sem var að vinna við flugvöllinn á Ísafirði. Ég var fyrst með ýtu en svo komu tæki frá hernum þegar hann flutti frá Aðalvík. Ég var þá með bíl að hlaða grjótgarðinn við flugvöllinn. Ég hlóð allan þennan garð. Það var mikil vinna við þetta og maður þurfti alltaf að vinna á fjöru. Völlurinn er það framarlega að það féll svo mikið að. Völlurinn var svo opnaður 1960. Það ár fór ég í útgerðina. Þá keyptum við bát frá Djúpavogi sem bróðir minn átti.“

Fallegt og gott skip

– Skipið sem um ræðir var Guðný ÍS sem komst nú reyndar í heimsfréttirnar þegar áhöfn hennar snaraði ísbjörn á sundi fyrir nokkrum árum. Banaði áhöfnin dýrinu og hélt með það til Bolungarvíkur. Var það síðar stoppað upp og er nú til sýnis í Náttúrustofu Vestfjarða.

„Halldór Hermannsson var fyrsti skipstjórinn hjá okkur og sótti bátinn austur. Síðan var farið á línu. Halldór var með bátinn fyrsta árið en síðan tók Grétar

Þórðarson við, svo Sigurhjörtur Jónsson og svo Arnór Sigurðsson sem var mikill sjómaður og fiskaði mikið fyrir okkur. Ég man eitt sinn í góðri steinbítsvertíð að heila viku kom hann að landi með 22 tonn. Hann sótti þá steinbítinn vestur á Víkur. Við þustum til þegar hann kom að bryggju og ég fór með þeim í lestina en hann stoppaði ekki nema þrjú korter áður en hann fór út aftur. Þeir voru það duglegir að landa fyrir hann og hann fiskaði mjög vel. Alveg sérstakur. Svo tók Jón Pétursson í Bolungarvík við bátnum en hann fiskaði einnig alveg sérstaklega vel. Við vorum með marga góða menn að fiska fyrir okkur.

Útgerðin gekk vel en við höfðum ekki nógu mikið upp úr þessu. Fiskverðið var lágt og beitan nokkuð dýr. En þetta slapp allt til og við gátum meira að segja lagað skipið til. En línuútgerðin var bara ekki nógu hagstæð svo það endaði með því að við seldum hana til Bolungarvíkur. Þar var hún í eitt eða tvö ár áður en hún var seld til Hornafjarðar og á leið í slipp sökk hún við Langanesið og þar er hún enn. Þetta var fallegt skip og gott.

Ég var í útgerðinni í 22 ár og fór alltaf niður á bryggju til að taka á móti þeim þegar þeir sneru aftur af sjónum,“ segir Sigurður og minnist gamalla tíma.

– thelma@bb.is

Þarinn fær nýtt hlutverk

Handverkskonan Kristín Þórunn Helgadóttir frá Alviðru hefur ýmislegt á sinni könnu. Hún hefur lengi töfrað fram fígúrur og persónur úr rekaviðardrumbum og nýjasta hugmynd hennar á sömuleiðis rætur sínar að rekja í fjöruna. Skartgripir eftir hana voru nýlega sýndir á stórsýningu Handverks og hönnunar í Reykjavík, en þar hefur Kristín gefið þaranum alveg nýtt hlutverk.

Gömul hugmynd

Íslenskir hönnuðir og handverksfólk hafa lengi unnið með skemmtilegar íslenskar afurðir í hönnun sinni, svo sem ull, fiskroð og leður. Þarinn hefur hins vegar að mestu leyti verið afskiptur í þeim efnum, en í handverki Kristínar verður hann að sannkölluðum gersemum.

Skartgripalína hennar, sem gengur undir nafninu Fjöruperlur, samanstendur af hálsmenum, perlufestum og eyrnalokkum úr þarakúlum – sem enginn sem nokkru sinni hefur farið í fjöruferð ætti að vera ókunnugur. Kristín, sem er búsett á Þingeyri, segir hugmyndina að skartinu vera nokkurra ára gamla.

„Ég hef alltaf verið mikið í fjörunni og hafði lengi verið að hugsa að það hlyti að vera hægt að gera eitthvað úr þarakúlunum. Þær eru svo fallegar," útskýrir Kristín. Hún bjó sér í kjölfarið til hálsmen úr einni kúlu, sem hún skartaði svo við ýmis tækifæri.

„Verðlaunahugmynd"

„Bróðir minn bauð mér svo í fermingarveislu norður í landi og ég lenti til borðs með listamanninum George Hollanders. Við fórum að tala saman og höfðum til dæmis bæði komið fram í þættinum Út og suður með Gísla Einarssyni. Hann bauð mér að koma að skoða hjá sér vinnustofuna daginn eftir, sem ég gerði. Þegar ég kom var ég með þessa kúlu mína um hálsinn. Hann rak augun í hana og fannst hún svo flott – hann sagði mér að þetta væri verðlaunahugmynd! Og það var eiginlega byrjunin á þessu. Þarna kveikti ég á perunni um að þetta væri bara verulega flott," segir Kristín og brosir.

Hún hóf þá ýmsar tilraunir með þarakúlurnar, en sá skömmu síðar auglýsingu vegna fyrirhugaðrar sýningar Handverks og hönnunar í Reykjavík. „Ég vissi að það væru örugglega yfir hundrað sem sæktu um að fá að vera með, en bara helmingurinn sem kæmist inn. Mér fannst það svolítil áskorun, að sjá hvort ég kæmist í gegn, svo ég sótti um. Ég fékk að sýna á sýningunni, um mánaðamótin október-nóvember og það gekk alveg rosalega vel. Síðan hef ég eiginlega bara verið að framleiða á fullu," útskýrir Kristín. Hún hefur sömuleiðis stofnað síðu á samskiptavefnum Facebook þar sem perlurnar eru fáanlegar.

Langt ferli

Þó að fjörur landsins séu margar hverjar þaktar þara og þarakúlum er ekki þar með sagt að björninn sé unninn og skartgripurinn svo gott sem tilbúinn. „Þetta er svolítið langt ferli," bendir Kristín á.

Handverkskonan Kristín Þórunn Helgadóttir frá Alviðru. Ljósmyndir: Matthildur Helgadóttir.

„Ég þarf að tína þær og vinna þær. Það þarf að taka þær alveg úr þaranum og þurrka þær. Þá verða þær grjótharðar og ég þarf svo að pússa þær til með þjöl. Svo bora ég í þær. Og það þarf auðvitað að flokka þær líka, svo ég geti raðað þeim saman í festar. Þá legg ég alveg undir mig stofuborðið og raða fleiri tugum stykkja í einu," segir Kristín og hlær við.

Hún segir perlurnar ekki vera viðkvæmar fyrir hnjaski þegar festin er tilbúin. „Nei, það á að vera hægt að berja þeim í borðið. Ég held að það sé ekki einu sinni hægt að brjóta þær með fingrunum. Kúla sem er alveg í lagi er alveg grjóthörð eftir þurrkun," útskýrir Kristín. „En það eru til margar tegundir af kúlum og ég var búin að prófa margar gerðir áður en ég fann þessar sterku," bætir hún við.

Kristín nýtur aðstoðar eiginmanns síns, Brynjars Gunnarssonar, við vinnuna. „Við vinnum mikið saman, bæði í rekaviðnum og við skartgripagerðina," segir Kristín og brosir.

Kúlur með karakter

Þó ferlið sé langt og vinnan mikil hefur Kristín afskaplega gaman af því, að eigin sögn.

„Þetta er heilmikil dútlvinna, en mér finnst þetta rosalega gaman. Kannski af því að það eru engar tvær kúlur eins – þær hafa allar svo mikinn karakter. Þegar ég fer að tína finn ég ákveðinn lit og ákveðna lögun á einum stað, og á næsta stað eru þær svo allt öðruvísi á litinn og í laginu. Ég get aldrei sagt, ah, mig langar núna í akkúrat svona lit. Þær eru svo ólíkar. Svo breyta þær meira að segja líka um lit þegar þær þorna, svo maður veit aldrei nákvæmlega hvernig þær verða," segir Kristín.

Hún tínir kúlurnar í næsta nágrenni sínu, en vill skiljanlega ekki ljóstra upp leynistöðunum. „Ég get bara sagt að það er alveg í næsta nágrenni mínu, svo þetta

ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um deiliskipulag í Seljalandshverfi, Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi í Seljalandshverfi á Ísafirði skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsvæðið er um 14,5 ha að stærð og liggur suður af Seljalandsmúla í mynni Tungudals, norðan Tunguár. Svæðið er í 15-100 m.h.y.s. og hallar til suð-suðausturs. Svæðið liggur beggja vegna Skógarbrautar, sem er aðkomuleiðin að Tunguskógi. Gert er ráð 19 nýjum íbúðarlóðum.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 29. desember 2010 til og með 26. janúar 2011. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 9. febrúar 2011. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði 20. desember 2010.
Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.

er algjörlega vestfirskt,“ segir hún brosandi.

Fjöruperlurnar eru enda vinsælar hjá Þingeyringum sjálfum og eins í ýmsar tækifærisgjafir. „Þingeyringar eru mínir bestu viðskiptavinir, bæði þeir sem búa hérna og eins brottfluttir. Fjöruperlurnar eru líka mikið sendar út, sem íslensk gjöf til vina í útlöndum. Svo er ég nýfarin að selja á netinu og þar fæ ég eina og eina pöntun frá einhverjum sem ég þekki ekki neitt,“ útskýrir Kristín, sem kveðst varla skilja af hverju þarinn hafi ekki áður fengið að njóta sín á þennan hátt. „Það hefur verið búið á Íslandi í svo langan tíma, ég botna ekkert í því af hverju engum hefur dottið þetta í hug! Mér finnst þetta svo fallegt, allir þessir grænu litir og litbrigði,“ segir hún og brosir.

Mundar haglabyssu og keðjusög

Áður en að Kristín snéri sér að skartgripaframleiðslu var það rekaviðurinn sem heillaði hana. Styttur eftir hana má sjá víðsvegar um norðanverða Vestfirði og hún hefur hoggið út andlit í tré í skóginum fyrir ofan Ísafjörð og í Tunguskógi. Karlarnir tveir sem standa vaktina uppi á Gemlufallsheiði eru sömuleiðis handverk Kristínar og eiginmanns hennar, en þeir voru fyrst tuttugu og tveir talsins. Hún hefur þá einnig skorið út lágmyndir í tré.

Handbragð hennar hefur vakið töluverða athygli og Kristín kom eins og áður segir fram í sjónvarpsþættinum vinsæla, Út og suður, í umsjón Gísla Einarssonar. „Þá var nú oft leitað að fólki sem sem var svona skemmtilega öðruvísi. Ég var kona sem veiddi með haglabyssu og gerði styttur úr rekavið með keðjusög. Ætli það hafi ekki þótt svolítið öðruvísi,“ útskýrir Kristín og skellir upp úr.

Aðspurð um aðdraganda þess að hún snéri sér að rekaviðardrumbum með keðjusög á lofti kemur hik á Kristínu. „Ég hef nú sagt það áður – ég veit ekki hvort þetta tengist eitthvað, en ég datt reyndar af hestbaki og rotaðist. Eftir það fór ég að gera svona ýmislegt, en ég veit ekkert hvort það er endilega ástæðan,“ segir hún brosandi.

Leiddist hefðbundið handverk

Kristín kveðst alltaf hafa haft gaman af handverki, þó henni hafi á sínum tíma fundist útsaumur og önnur slík verkefni óbærilega leiðinleg. „Mér fannst það alveg hundleiðinlegt þegar maður þurfti að telja út og fylgja uppskriftum eftir einhverja aðra. Í dag skil ég af hverju mér leiddist þetta svona, mig hefur bara langað til að vera að skapa eitthvað sjálf,“ segir hún.

Það er hins vegar frekar þannig að rekaviðardrumbarnir tali til hennar, en að Kristín búi til sköpunarverk sín úr þeim. „Ég hef alltaf verið mikið úti í náttúrunni og séð allt mögulegt út úr öllu mögulegu. Þannig er það líka með rekaviðinn. Ég hegg bara í hann og þá kemur það út úr honum sem í honum býr, finnst mér. Nema ég sé beðin um að gera eitthvað sérstakt, það er auðvitað allt öðruvísi. En yfirleitt er ég ekki með neina ákveðna hugmynd um hvað ég er að fara að gera fyrr en ég byrja,“ útskýrir Kristín.

Gleymir sér í náttúrunni

Hún hefur þó síður en svo lagt útskurðinn á hilluna þó að Fjöruperlurnar hafi bæst við handverksmöppuna. „Nei, nei, ég þarf að gera fimm karla í vetur, en ég er bara ekki komin í skemmuna ennþá. Ég hef verið að einbeita mér að kúlunum,“ útskýrir Kristín, sem virðist ekki þurfa að óttast að sitja mikið auðum höndum.

„Ég þyrfti eiginlega að vera duglegri ef eitthvað er. En ég er í fullri vinnu í bankanum og svo er ég reyndar líka í fiskeldi Dýrfirsks á helgum. Ég fer að fóðra fiskana hérna úti á Dýrafirði aðra hverja helgi, sem mér finnst voðalega gaman. Ég er búin að skera út mynd af þeim líka. Þeir eru svo fallegir á litinn. Ég er alltaf að horfa á litina og lögunina í náttúrunni,“ segir Kristín, sem kveðst oft og tíðum geta gleymt sér í umhverfinu.

„Ég er mikið í því að fara ein í göngutúra og svona. Það er oft gert grín að því. Ég kem úr fimm systkina hópi og við erum öll mjög listræn. Árni Þór bróðir vinnur í 3X og vinnur í járn. Hann gerði til dæmis mjög flott eldstæði og fallegar ljósakrónur úti í Alviðru. Kristján Örn er smiður og vinnur í tré og Matthildur systir mín er bæði frábær teiknari og vinnur líka mjög flottar myndir í mósaík. Sigríður systir er svo bæði í þjóðbúningasaum og í bútasaum. Hún er líka arkitekt af guðs náð, sem sést best á vel heppnuðum breytingum sem hún hefur gert á húsunum sínum. Systur mínar tvær eru hins vegar mjög ólíkar mér, báðar alveg rosalega félagslyndar - og svo er ég alltaf ein einhvers staðar að dingla mér,“ segir Kristín og hlær við.

Frekari upplýsingar um Fjöruperlurnar má nálgast á samnefndri síðu línunnar á Facebook, en þær eru líka til sölu í verslun Vestfirska forlagsins á Ísafirði.

Fækkar hlutfallslega mest í Bolungarvík

Íbúum allra sveitarfélaga á Vestfjörðum fækkaði á síðasta ári að undanskildum þremur sveitarfélögum, en í Tálknafirði fjölgað íbúum um sjö (304), í Árneshreppi fjölgaði um tvo (50) og um fjóra í Bæjarhreppi (100). Hlutfallslega hefur íbúum fækkað mest í Bolungarvík eða um 81 og eru Bolvíkingar nú 887 talsins sem þýðir að fækkunin er 8,5% milli ára. Íbúum Ísafjarðarbæjar fækkaði einnig um 81 og telja þeir nú 3.816 einstaklinga en fækkunin milli ára jafngildir 2,1%. Hlutfallslega var næst mesta fækkunin í Kaldrananeshreppi þar sem íbúum fækkaði um átta eða um 7%.

Í Reykhólahreppi búa nú 278 einstaklingar og hefur þeim fækkað 14 milli ára eða um 4,8%. Íbúum í Vesturbyggð fækkaði um 47 og eru nú 891 sem jafngildir fækkun upp á 5%. Íbúar í Súðavíkurhreppi eru 194 og fækkaði um 11 á milli ára eða 5,4%. Strandamönnum á heimavelli fækkaði um tæpt prósent eða sjö einstaklinga en þeir eru nú 759 á heimavelli.

– kte@bb.is

Fyrsta tölublað ársins 2011 kemur út fimmtudaginn 6. janúar.

Íbúum Bolungarvíkur hefur fækkað um 8,5% á milli ára.

Peningaverðlaun

Íþrótta - og tómstundanefnd Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að íþróttamanni ársins 2010 verði veitt peningaverðlaun að upphæð 100. 000 krónur. Nefndin hefur einnig lagt til að íþróttamaður sveitarfélagsins verði útnefndur 23. janúar 2011 og hefur falið íþrótta- og tómstundafulltrúa að undirbúa þá athöfn.

Íþróttamaður ársins 2009 var hinn 16 ára gamli Emil Pálsson.

Umferðarlagabrot um fækkaði mikið

Umferðarlagabrotum fækkaði verulega milli ára í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum í nóvember. Síðasta mánuð voru níu slík brot skráð í umdæminu en þau voru 32 í nóvember árið áður og 29 árið þar áður. Lítil breyting varð á annars konar brotum. Ellefu hegningarlagabrot komu inn á borð lögreglunnar en þau voru átta talsins í nóvember í fyrra og fjórtán 2008.

Ekkert fíkniefnabrot kom til kasta lögreglunnar í nóvember eða í fyrra en eitt slíkt brot var skráð árið 2008. Þetta kemur fram í mánaðarlegri skýrslu ríkislögreglustjóra um afbrotatölfræði.

Rétt er að taka fram að sá varnagli er settur fram í skýrslunni að í þeim umdæmum þar sem brot eru færri er þróun þeirra viðkvæmari milli ára og varast ber að lesa mikið í þær breytingar, sérstaklega ef þær eru tilviljunarkenndar.

– thelma@bb.is

Lögreglustöðin á Ísafirði.

Gleðilegt nýtt ár! – og hvað svo?

Stakkur skrifar

Árinu 2010 er senn lokið og þá er spurt: Hefur okkur miðað fram á veg? Svarið er ekki einfalt. Það verður ljóst að liðnum einhverjum árum. Hátt bar á árinu Icesave samkomulag, sem var orðið að lögum en var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu með nánast öllum greiddum atkvæðum. Um það bil 65% kjósenda synjuðu lögum um samning sem fjármálaráðherra þrýsti á þjóðina að samþykkja, ella færi allt norður og niður á Íslandi.

Önnur kosning vakti athygli, en ekki mikla ánægju. Stjórnlagaþing var kosið af einu kjördæmi sem reyndist vera höfuðborgarsvæðið. Aðrir hlutar Íslands áttu ekki möguleika. Ísland – eitt kjördæmi þýðir Reykjavík og nágrenni. Þetta er öllum Íslendingum alvarleg áminning um að leggja ekki af kjördæmin. Til viðbótar vill ríkisstjórnin girða höfuðborgina af með vegtollum. Allt skal gert til þess að gera Íslendingum sem ekki vilja vera í póstumdæmi 101 og næstu númerum sem erfiðast fyrir að sækja þjónustu til höfuðborgarinnar, sem ætlunin er að þjóni sjálfi sér fyrst og fremst, en meðal annars fyrir skattfé sem verður til á landsbyggðinni. Þetta viljum við Vestfirðingar ekki. Nóg er samt.

Í könnun Bæjarins Besta búast 68% þátttakenda við því að árið 2011 verði verra en árið 2010. Íbúar á Vestfjörðum eru nú rúmlega sjö þúsund og hefur fækkað um eitt þúsund á áratug. Reyndar eru 129 til viðbótar svo öllu sé til skila haldið. Á Ísafjarðarsvæðinu hefur fækkað um rúm 2,1% á einu ári eða 81. Íbúar eru nú 3816. Sama fækkun varð í Bolungarvík, um 8,5% og eru íbúar þar nú 887. Það munar um hvern einn þegar svo er komið. Í þremur sveitarfélögum fjölgaði alls um 13 íbúa. Ástandið er alvarlegt og komið að því að taka ákvarðanir og móta stefnu. Hvað ætla sveitarstjórnarmenn sér að gera? Hafa þeir stefnu? Hvað ætlar ríkistjórn og Alþingi að gera? Verði Ísland eitt kjördæmi getum við öll byrjað að pakka saman og leitað nýrra heimkynna. Að mati Þórodds Bjarnasonar prófessors við Háskólann á Akureyri er mjög alvarlegt ástand að skapast.

Hann segir að tími sé kominn til að Vestfirðingar taki ákvörðun um hvort snúa eigi þessu við. Ekkert byggðarlag þoli svona mikla fækkun. Ljóst er kjörnir fulltrúar eiga næsta leik.

Störfum á Íslandi hefur fækkað um 13500 á tveimur árum og enn er dökkt framundan. Þegar þörf er samstöðu deila þeir sem kosnir voru samherjar á Alþing. Þjóðina skortir leiðtoga, helst marga, sem bera umhyggju fyrir henni og er reiðubúnir að leggja sjálfa sig í sölurnar fyrir hana til að bæta ástandið og rífa Ísland upp. Engin leiðtogaefni er að sjá á Alþingi. Ef ekkert gerist til að leiða okkur Íslendinga út úr ógöngum líðandi árs er ekkert framundan. Með von um að svo sé ekki er lesendum óskað gleðilegs nýs árs, þökkuð samfylgdin á því sem er að líða og minnt á að sólin hækkar nú á lofti.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Tafir á sjúkraflugi

Sjúkraflugvél Mýflugs lenti í Reykjavík um hálf sexleytið á 2. í jólum með slasaða konu frá Ísafirði. Konan, sem er á níræðisaldri, hafði mjaðmagrindarbrotnað og þurfti að gangast undir aðgerð á Landspítalanum í Reykjavík. Miklar tafir urðu á fluginu vegna veðurs.

Að sögn Braga Más Matthíassonar aðstoðarflugstjóra átti vélin að fara í loftið um hálf ellefuleytið um morguninn. Veðrið gekk niður um þrjú leytið og fór vélin í loftið þegar klukkuna vantaði 15 mínútur í fjögur.

smáar

Til sölu er Ford Explorer árg. 2007. Uppl. í síma 690 1515.

Til leigu er íbúð að Sundstræti 29. Leiguverð kr. 45 þús. pr. mánuð. Uppl. í síma 869 6693.

Vestfirðingum fækkar mest

Íbúar á Vestfjörðum voru 7.129 þann 1. desember síðastliðinn skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Svarar það til 3,2% fækkunar milli ára en íbúar Vestfjarða voru 7.364 þann 1. desember í fyrra. Þetta er mesta fólksfækkun á landinu en samtals fjölgaði Íslendingum um 643 milli ára eða 0,2%. Mest var fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu (0,7%) og á Norðurlandi eystra (0,3%). Á öðrum landsvæðum fækkaði íbúum, næst mest á Suðurnesjum (1,4%) og á Austurlandi (1,2%) en í öðrum landshlutum var fækkunin óveruleg.

Ívið fleiri karlar búa á Vestfjörðum en konur eða 3.632 karlar á móti 3.497 konum. Dregið hefur þó saman með kynjunum þar sem körlum fækkaði hlutfallslega meira en konum á síðastliðnu ári eða um 4,1% á meðan konum fækkaði um 2,2%. Þetta er í samræmi við þróunina á landsvísu þar sem körlum fækkaði um 0,1% á meðan konum fjölgaði um hálft prósentustig. Á landinu öllu búa nú 159.872 karlar og 158.364 konur eða alls 318.236 íbúar.

Ísafjörður. Hinn 1. desember sl. bjuggu 7.129 einstaklingar á Vestfjörðum.

Hagstofan hefur einnig birt tölur um mannfjölda eftir sóknum og í þeim má lesa að sóknarbörnum Þjóðkirkjunnar 16 ára og eldri, hefur fækkað hlutfallslega. Hinn 1. desember síðastliðinn voru sóknarbörn í Þjóðkirkjunni 191.656 talsins en það er fækkun um 3.247 frá fyrra ári sem jafngildir hlutfallslegri fækkun úr 78.9% í 77,4% af öllum 16 ára og eldri. Þróunin í Vestfjarðaprófastdæmi er hins vegar ekki á sömu leið, því vestfirskum sóknarbörnum hefur ekki fækkað meira en sem nemur almennri fólksfækkun. Í ár eru sóknarbörnin á Vestfjörðum 4.643 talsins en á síðasta ári voru þau 4.725 sem er fækkun upp á 1,7%.

Samtals eru íbúar Vestfjarða 16 ára og eldri 5.625 talsins og þar af eru 981 sem ekki tilheyra Þjóðkirkjunni eða 17,5%. Á síðasta ári voru 16 ára eldir hins vegar 5.759 og þar af voru 1.034 ekki í Þjóðkirkjunni eða 17,9%.

Á Vestfjörðum tilheyra því hlutfallslega fleiri Þjóðkirkjunni en á landinu öllu að því er fram kemur í tölum Hagstofunnar.

– kte@bb.is

Harma að mjólkurvinnslu hafi verið hætt í Engidal

Ísafjarðarbær harmar að hætta hafi þurft mjólkurvinnslu af einu lögbýli í Engilda í Skutulsfirði. Lögbýlið sem um ræðir er í nágrenni sorpbrennslustöðvarinnar Funa, en ákvörðun um að hætta sorpbrennslu í stöðinni var tekin á fundi bæjarstjórnar. Sorpmál Ísafjarðarbæjar voru tekin til gagngerrar endurskoðunar í ár sem varð til þess að ákveðið var að hætta sorpbrennslu í Skutulsfirði. Flutningur og förgun sorps voru boðin út í haust og standa samningaviðræður yfir við lægstbjóðanda. Um áramótin verður sorpbrennslu í Funa endanlega hætt.

„Þó mælingar á vegum Mjólkursamsölunnar hafi sýnt að tiltekin efni hafi verið lítillega yfir viðmiðunarmörkum varpar það ekki skugga á heilnæmi Skutulsfjarðar og norðanverðra Vestfjarða, þar sem sýni af öðrum bæjum í nágrenninu voru öll vel undir viðmiðunarmörkum,“ segir í yfirlýsingu frá bæjaryfirvöldum.

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir í samtali við blaðamann gott að ákveðið hafi verið að fara nýjar leiðir í sorpmálum sveitarfélagsins í ljósi frétta af því að vinnslu mjólkur frá bæ sem er í nágrenni við sorpbrennslustöðina Funa hafi verið hætt á Ísafirði þar sem þrávirk aðskotasýni reyndust yfir heimiluðum mörkum. „Nú leggjum við enn meiri áherslu á að drífa í gegn ferlið.“ Daníel leggur áherslu á að engin hætta sé á ferðum, mjólkin hafi verið innkölluð í öryggisskyni.

– thelma@bb.is

Atvinnuleysi eykst

Atvinnuleysi á landinu var minnst á Vestfjörðum í nóvember eða 3% af áætluðum mannfjölda fjórðungsins. Er það samt mesta atvinnuleysi í nóvember mánuði í landshlutanum frá aldamótum. Meðalfjöldi atvinnulausra í mánuðinum var 109 sem er lítilsháttar aukning frá fyrra mánuði þegar þeir voru 102. Meðalfjöldi karla var 54 eða sjö fleiri en í mánuðinum á undan en konur voru 55 sem er sami fjöldi og í október. Í lok mánaðarins voru 125 skráðir án atvinnu eða 58 karlar og 67 konur. Flestir voru skráðir í Ísafjarðarbæ 64, 31 karlmaður og 33 konur. Því næst kemur Vesturbyggð þar sem 24 voru skráðir á atvinnuleysisskrá, ellefu karlar og 13 konur. Í Bolungarvík voru 16 skráðir án atvinnu, fimm karlar og 11 konur.

Átta voru skráðir án atvinnu í Súðavíkurhreppi, tveir í Tálknafjarðarhreppi og Kaldrananeshreppi, fjórir í Reykhólahreppi og Strandabyggð og einn í Árneshreppi. Enginn var á skrá í Bæjarhreppi. Flestir á skrá voru á aldrinum 25-29 eða 22 talsins, þar af voru 16 karlar. Skráð atvinnuleysi í nóvember 2010 var 7,7 % en að meðaltali 12.363 manns voru atvinnulausir í nóvember og eykst atvinnuleysi um 0,2 prósentustig frá október, eða um 301 manns að meðaltali.

Alls voru 13.619 atvinnulausir í lok nóvember. Fjölgun atvinnulausra í lok nóvember frá lokum október nam 339 en 324 fleiri karlar voru á skrá og 15 fleiri konur. Á landsbyggðinni fjölgar um 369 en fækkar um 30 á höfuðborgarsvæðinu.

Fasteignaskattur verði lagður á ratstjárstöðvar

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp sem felur í sér heimild til þess að leggja fasteignaskatt á mannvirki ratsjárstöðva. „Þessar ratsjárstöðvar eins og önnur mannvirki innan varasvæða eru undanþegnar fasteignasköttum og því hafa sveitarfélögin ekki tekjur af þeim. Þetta hefur verið réttlætt með því að þetta séu varnarmannvirki,“ segir Einar Kristinn Guðfinnsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins en hann er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins.

„Nú hefur hins vegar margt breyst. Varnarliðið er farið á brott, Íslendingar sjá nú sjálfir um rekstur mannvirkjanna og það verður á hendi Landhelgisgæslunnar eftir áramótin. Það eru því öll rök sem hníga að því að sömu reglur gildi um þessi mannvirki sem og önnur. Ég vek líka athygli á því að nýverið er farið að rukka fyrir fasteignaskatta af mannvirkjum ríkisins sem áður voru undanþegin. Það er því ekki ástæða til að um ratsjárstöðvarnar gildi sérregla.“

Einar segir ljóst að verði þessi breyting samþykkt mun það auka tekjur sveitarfélaganna sem í hlut eiga. „Það eru Bolungarvík vegna ratsjárstöðvarinnar á Bolafjalli, Bakkafjörður vegna ratsjárstöðvar á Gunnólfsvíkurfjalli, Hornafjörður vegna Stokksness og sveitarfélög á Suðurnesjum vegna ratsjárstöðva á Keflavíkurflugvelli.“ Meðflutningsmenn Einars eru þingmenn úr þremur stjórnmálaflokkum, Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki og Samfylkingu.

Í greinargerð með frumvarpinu segir meðal annars: „Talsverðar breytingar hafa orðið á starfsemi ratsjárstöðvanna í landinu. Uppbygging þeirra út um landið var á sínum tíma fjármögnuð af Mannvirkjasjóði NATO og störfuðu við þær til skamms tíma um 10–12 menn jafnt á Bolafjalli, Stokksnesi og Gunnólfsvíkurfjalli. Í árslok 2004 var tekin ákvörðun um gjörbreytingu á rekstri stöðvanna. Nú er starfseminni að mestu stýrt frá Keflavíkurflugvelli en örfáir starfsmenn annast daglegt eftirlit á hverri stöð.

Við brottför varnarliðsins í september árið 2006 tóku bandarísk stjórnvöld að sér að kosta rekstur ratsjárstöðvanna um eins árs skeið. En frá og með 1. september 2007 hefur reksturinn verið á hendi íslenskra stjórnvalda, fyrst Ratsjárstofnunar og síðar Varnarmálastofnunar. Nú um áramótin er gert ráð fyrir að Landhelgisgæslan annist rekstur ratsjárstöðvanna.

Með því að íslensk stjórnvöld annast nú rekstur ratsjárstöðvanna hníga engin rök lengur að því að undanþiggja þær greiðslu fasteignaskatta.“

– thelma@bb.is

Einfaldari lög um bifreiðagjöld

Sýslumaðurinn í Bolungarvík hefur sent Alþingi athugasemdir við frumvarp til laga á breytingum á lögum um vörugjald af ökutækjum og bifreiðagjöld þar sem hann vekur athygli á að hægt sé að einfalda greinar laganna sem fjalla um innheimtu gjaldanna og innheimtuúrræði. Segir sýslumaður þar vera m.a. nokkur ákvæði sem vísa til fyrirkomulags sem ekki er lengur við lýði eða telja verður ekki lengur eiga við.

Sem dæmi bendir hann á að hvað varðar árlega aðalskoðun að allmörg ár hefur ekki verið skylt að færa ökutæki til árlegrar skoðunar nema þau hafi náð tilteknum aldri eða aðrar sérstakar undantekningar eigi við. „Væri því líklegra réttara að tala um „lögmæta skoðun“ og þá vísað til gildandi reglna hverju sinni í stað „árleg aðalskoðun“,“ segir í bréfi Jónas Guðmundssonar sýslumanns til nefndasviðs skrifstofu Alþingis.

Í bréfinu bendir Jónas jafnframt sé ekki þörf á því að bifreiðaeigendur þurfi að færa sönnur á að þeir hafi greitt gjaldfallið bifreiðagjald þar sem að allar skoðunarstöðvar sem annast skoðanir ökutækjum eru nú búnar tölvukerfum sem tengd eru þeim hluta innheimtukerfis ríkissjóðs sem sýna stöðu bifreiðagjalda og annarra þeirra gjalda sem ökutækjaeigendum ber að greiða til ríkissjóðs af ökutækjum sínum, þ.m.t. úrvinnslugjald og vanrækslugjald.

Sýslumannsembættið í Bolungarvík hefur öðlast reynslu við að annast innheimtu vanrækslugjalds.

Þá segir Jónas að þótt starfsfólki skoðunarstöðva sé ekki heimilt að veita bifreið skoðun vegna þess að bifreiðagjöld hafa ekki verið greidd er ekki vitað til að tíðkað sé að þeir fjarlægi jafnframt skráningarmerki af bifreið og afhendi lögreglu. Verður að telja slíka aðgerð ærið langsótta og í raun ekki leggjandi á starfsmenn skoðunarstöðva. „Eftir því sem best er vitað er sjaldgæft ef ekki óþekkt í seinni tíð að innheimtumenn krefjist þess að lögregla fjarlægi skráningarmerki af ökutæki vegna þess eins að bifreiðagjald hafi ekki verið greitt. Er raunar um allharkalega aðgerð að ræða ef önnur úrræði hafa ekki verið reynd áður. Getur þessi aðgerð komið afar misjafnlega niður eftir því hvar eigendur geyma ökutæki sín auk þess sem gildar ástæður geta verið fyrir því að bifreiðagjald er ekki greitt. Verður að telja alagaákvæði sem þessi gangi gegn sjónarmiðum um meðalhóf. Sýnist því flest mæla með því að framangreindar skyldur skoðunarmanna og lögreglu verði einfaldlega numdar úr lögum,“ segir í bréfinu.

Jónas leggur ennfremur til að bifreiðagjöld njóti fremur lögveðréttar í ökutæki en lögtaksréttar hjá skráðum eiganda. „Lögveð í ökutæki í stað eða það sem e.t.v. væri enn tryggara til viðbótar rétti til lögtaks (fjárnáms) hefði m.a. í för með sér að heimilt væri á grundvelli nauðungarsölubeiðni, sem árituð væri af sýslumanni um heimild til vörslutöku, að fela aðila sem annast vörslusviptingar að hafa upp á ökutækinu og taka það úr umráðum gerðarþola, og færa á uppboðsstað eða annan stað til varðveislu fram að uppboði. Verður að telja slíka framkvæmd að mörgu leyti eðlilegri og væntanlega skilvirkari heldur en að fela oft störfum hlaðinni og fjársveltri lögreglu það hlutverk að fjarlægja skráningarmerki ökutækis.“

Að lokum nefnir Jónas þann möguleika að einn aðili á landsvísu annist innheimtuna ef fallist verður á að krafan njóti lögveðs í ökutæki. „Má t.d. nefna að hjá embætti undirritaðs hefur safnast nokkur reynsla og þekking í innheimtu vanrækslugjalds af ökutækjum á landsvísu, sem njóta lögveðsréttar eins og áður hefur komið fram. Kynni að vera hagkvæmt að beita innheimtuúrræðum vegna allra gjaldanna samtímis eftir því sem við á í stað þess t.d. að margir aðilar séu að óska nauðungarsölu, vörslutöku o.s.frv. á ökutæki sem stundum síðar kemur í ljós að eru jafnvel ekki til þótt þau séu skráð í ökutækjaskrá. Kynni þetta verkefni að geta nýst vel til að byggja upp öflugri sýslumannsembætti t.d. á Vestfjörðum, með sem fjölbreyttust verkefni við þá fækkun og stækkun sýslumannsembætta sem hugmyndir eru um.“

Krossgáta Cafe Catalina og Vestfirðinga.
Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.

TÓNN	GAP-ANDI	SJÓR	ÁTT		MÁLM-TREYJ-AM					
ÓLAF-UR			STRAX Á-NEFND							
FJARST										
ÁTT		NART FLJÓT-IN				SAM-HL.	Í VAFA	ANNAÐ KYNIÐ	MYNT-IN	MINNA
LEYF-IST			KONA ÍSAKS SAMHL.							STAF-URINN
Á-VARÐ-AÐIR						HORF-NA ÁTT				
EINS			EINS UMÐ NUÐ				ALKI TVÍ-HLJ.			
KVEN-NAFN						VERS-NAÐ BORÐA				
TRYGG				BÖND SVELL-KLUMP ANA						SL'A
SÉR-HL.		STUNG-IÐ KARM-NAFN					GANAR FÆDDI			
BYGGT						TRYLLT MJÚK VÆL			KVEN-NAFN	FLJÓT TRYGG-AR
HLJÓM-SVEIT	SLYNG-UST									
ÖSKR-AÐI							EINS UMA ÞEF			RYK
ÖSKJ-UNA								ÞREYTU		
SAM-HL.		ÖFUGA SAMAN						SKJÓL HÆTTA		
RYK			ÁTT TALA		SO					
H. M.	FÉLL						TÍMI			

Fjölbýli til sölu – Tilboð óskast

Tilboð óskast í fjölbýlishúsið að Fjarðarstræti nr. 7 og 9 Ísafirði. Um er að ræða tólf þriggja herbergja íbúðir, flestar í fastri útleigu. Stærð íbúða með geymslu er frá 83 m² - 90 m². Lokuðum tilboðum skal skila inn til Fasteignasölu Vestfjarða í síðasta lagi þann 10.01.2011.

Nánari upplýsingar um málið fást hjá Fasteignasölu Vestfjarða, s. 456-3244, netfang: eignir@fsv.is, veffang: www.fsv.is

Sælkeri vikunnar er Ragna Arnaldsdóttir á Ísafirði

Suðræn tómatssúpa og gervihéri

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo góða rétti, gervihéra og suðræna tómatsúpu. Ragna segir súpuna vera mjög matarmikla og góða og gervihérinn er ódýr og ljúffengur réttur.

Matarmikil suðræn tómatsúpa

3 msk olía
30 g sneiddur blaðlaukur
1 saxað hvítlauksrif
½ sneiddur laukur
1 sneidd gulrót
30 g beikon
1 dós niðursoðnir tómatar
1 l vatn eða kjötsoð
5 dl pastaskrúfur eða fiðrildi
4 pylsur í bitum
Basil
Salt
Pipar
1 tsk síróp

Hitið olíu í stórum potti, blaðlauk, lauk, hvítlauk, gulrót og beikon er bætt út í og hrært saman. Bætið tómötum út í og hrærið öðru hvoru. Hellið vatni eða kjötsoði út í og látið suðuna koma upp, sjóðið í 10 mínútur. Setjið pasta og pylsur út í súpuna og kryddið með basil, salti og pipar og sírópi. Látið malla í 12 mínútur. Gott að bera fram súpuna með góðu brauði.

Gervihéri

1 bolli brauðmylsna
1 bolli mjólk
½ kg hakk
1-2 egg
½ saxaður laukur

Bleytið brauðið í mjólkinni. Blandið síðan öllu saman við. Mótið deigið í hleif og setjið í eldfast mót.

¼ tsk pipar
3 msk púðursykur
¼ bolli tómatkraftur
¼ tsk negull
1 tsk sinnepsduft.

Blandið saman púðursykri, tómatkrafti og kryddi og hellið yfir hérann. Bakið við meðalhita í 40-50 mínútur. Berið fram með kartöflum og salati.

Ég skora á Hjördísi Þráinsdóttur tengdadóttur mína að koma með uppskrift í næsta blaði.

Segir boltann hjá stjórnvöldum

Albertína Elíasdóttir, formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga segir ríkisstjórnina verða að ákveða hvort hún ætli að gefa skít í Vestfirðinga eða koma þeim til aðstoðar í reynd. Í samtali við Ríkisútvarpið kveðst formaðurinn bjartsýnn á framtíð Vestfjarða þrátt fyrir fólksfækkun. Stöðug fólksfækkun á Vestfjörðum þrátt fyrir gott atvinnuástand, bættar samgöngur og samdrátt á öðrum svæðum er Vestfirðingum áhyggjuefni. Albertína segir að framkvæmdum við Bolungarvíkurgöng hafi verið að ljúka en hins vegar sé staðreyndi sú að fólksfækkunin sé gríðarlegt áhyggjuefni. Sérstaklega er áhyggjuefni hve mjög fólki hafi fækkað síðustu 10 ár. Albertína segir að ennþá sé boltinn hjá stjórnvöldum.

Albertína segist ekki gefast upp. Hún ætli að búa áfram á Vestfjörðum og segist búin að búa sína framtíð þar. Hún haldi ótrauð áfram og hún trúi því að Vestfirðingar geri það almennt. Albertína segir að mest hafi skort á að staðið sé við það sem ákveðið hafi verið að gera. Endalausar smáskammtalækningar dugi ekki. Það sé svo ennþá sárara að þegar stjórnin taki sig loksins til eins og hafi verið gert í Vestfjarðaskýrslunni sé byrjað á að skera niður allar aðgerðir um helming og þá verði lítið úr þeim sem dugi ekki til lengdar.

Albertína Elíasdóttir.

Minni steypa notuð í Bolungarvíkurgöng

Meira var um viðgerðir á veggjum við gerð Bolungarvíkurganga en í Héðinsfjarðargöngum. Þetta kom í ljós við rannsókn á hagkvæmni mismunandi aðferða við sprautusteypustyrkingar sem gerð var með styrk úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Verkefnið fólst í að meta kosti og galla þess að klára bergstyrkingar með sprautusteypu samhliða gangagerð eða skipta styrkingum upp í annars vegar vinnustyrkingar, unnar samhliða grefti ganganna, og hins vegar lokastyrkingar, sem gerðar væru eftir að búið er að sprengja göngin. Ennfremur að mæla og bera saman mismunandi uppgjörsaðferðir fyrir sprautusteypu og meta kosti og galla þess að gera upp steypu samkvæmt m³, mælt frá steypustöð, og í m², sem þykkt á bergveggjum og þaki ganga.

Dregin var sú ályktun af því að meira væri um viðgerðir í Bolungarvíkurgöngum, að hagkvæmni í tíma sem fæst með að sprauta sem mest samhliða grefti er að hluta til eða öllu leyti eytt af óhagkvæmni fyrir verkkaupa vegna aukinnar steypu og fyrir verktaka vegna tíma sem fer í viðgerðir. Samanburður á notkun sprautusteypu í Bolungarvíkurgöngum og Héðinsfjarðargöngum sýndi að notkun steypu er meiri í Héðinsfjarðargöngum en fyrir sambærilegt berg eða berggæðamat í Bolungarvíkurgöngum.

Í Héðinsfjarðargöngum er mæld þykkt að jafnaði 30% meiri en kenniþykkt í veggjum og 45% meiri í lofti, en í Bolungarvíkurgöngum 27% meiri í veggi og 35% meiri í loft. Byggt á þessu er dregin sú ályktun að þykkt hafi verið jafnari og nýting steypu betri í Bolungarvíkurgöngum. Byggt á afkasta- og tímamælingum má álykta að lítill tímasparnaður sé í því að ásprauta sem mest samhliða grefti ganga.

Frá Bolungarvíkurgöngum.

Umframþykkt er að jafnaði meiri í Héðinsfjarðargöngum en Bolungarvíkurgöngum. Í Héðinsfirði er mæld þykkt að jafnaði 30% meiri en kenniþykkt í veggjum og 45% meiri í lofti, en í Bolungarvíkurgöngum 27% meiri í veggjum og 35% meiri í loft. Byggt á þessu er dregin sú ályktun að þykkt hafi verið jafnari og nýting steypu betri í Bolungarvíkurgöngum þar sem viðmiðið var þykktarflokkar.

Tími sem fer í ásprautun ganganna er heldur meiri í Héðinsfjarðargöngum en í Bolungarvíkurgöngum. Það skýrist að hluta til af 5-15% minni afköstum ásprautunartækja í Héðinsfirði og meira umframmagni þar. Ef leiðrétt er fyrir afköstum tækja er tími aðeins um 3% minni fyrir ásprautun Bolungarvíkurganga eða að jafnaði 0,37 klst./m göng (60-100 mm þykktir) fyrir Bolungarvíkurgöng á móti 0,38 klst./m göng fyrir Héðinsfjarðargöng.

Jólin 2010

Samkaup úrval góðir grannar

Gleðilega hátíð

og heillaríkt nýtt ár!

Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða

Opnunartími verslana **um áramótin**

Gamlársdagur kl. 10-12, lokað á nýársdag

...sjá nánar um opnunartíma verslana á samkaupurval.is